

Mánudaginn 14. nóv. 1921.

Nr. 16/1921.

Sigurjón Benediktsson

(B. P. Kalman)

gegn

Sigtryggi Jónssyni

(L. Fjeldsted).

Ómerkingardómur.

Dómur gestarjettar Eyjafjarðarsýslu og Akureyrarkaupstaðar 27. nóv. 1920: Í aðalsökinni greiði aðalstefndur járnsmiður Sigurjón Benediktsson Siglufirði aðalstefnanda Vald. Thorarensen f. h. Sigtryggs Jónssonar 3518 krónur 47 aura með 5% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags.

Í gagnsökinni greiði gagnstefndur Vald. Thorarensen f. h. Sigtryggs Jónssonar gagnstefnanda Sigurjóni Benediktssyni 42 krónur 60 aura með 5% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og með skuldajöfnuði við kröfu aðalstefnanda í aðalsök.

Málskostnað í aðalsök greiði aðalstefndur aðalstefnanda með 120 krónum, en málskostnaður í gagnsök falli niður.

Dóminum ber að fullnægja innan þriggja sólarhringa frá löglegri birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Mál þetta, er var rekið sem aðalmál og gagnsök fyrir undirrjetti, hefir verið flutt skriflega fyrir hæstarjetti.

Þegar aðalmálið var þingfest í gestarjettinum á skrifstofu bæjarfógetans á Akureyri 1 maí 1918 mætti sækjandi, Sigtryggur Jónsson timburmeistari á Akureyri, eigi sjálfur í rjettinum, en í hans stað mætti málaflutningsmaður Valdemar Thorarensen, er sækjandi hafði falið flutning málsins. Fyrir hönd stefnda mætti málaflutningsmaður Böðvar Bjarkan. Leitaði dómariinn um sættir milli þeirra, en sættartilraunin reyndist árangurslaus.

Í tilskipun um sættastiptanir 20. jan. 1797, 25. gr., er bannað að senda málaflutningsmann í sinn

stað til að túlka mál fyrir sáttanefnd, og verður þetta fyrirmæli eftir eðli sínu að eiga jafnt við um sættatilraun fyrir gestarjetti. Með því að það nú er vitanlegt, að nefndur umboðsmaður sækjanda, Valdemar Thorarensen, hefir gjört málflutning og málaflutningsmannsstörf að aðalstarfi sínu um mörg undanfarin ár, verður í þessu efni að skoða hann sem málaflutningsmann, þó eigi hafi hann fengið skipun sem málaflutningsmaður. Sáttatilraunin verður því að teljast ólögleg.

Þegar gagnsökin var þingfest 8. júní s. á. mætti gagnstefnandi, Sigurjón Benediktsson, eigi sjálfur, en í hans stað mætti yfirjettarmálaflutningsmaður Böðvar Bjarkan og leitaði dómarrinn um sættir í gagnmálinu milli hans og umboðsmanns aðalsækjanda. Sáttatilraunin í gagnmálinu var því einnig ólögleg af sömu ástæðu og sættatilraunin í aðalmálinu, að málaflutningsmaður mætti þar fyrir hönd gagnsækjanda. Verður því ex officio að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og alla meðferð málsins í hjerði eftir þingfesting þess, svo og fjárnámsgjörðina, er gjörð var samkvæmt dómnum hinn 31. desember f. á. — Eftir atvikum þykir rjett að málskostnaður fyrir hestarjetti falli niður.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði dómur og öll meðferð málsins í hjerði eftir þingfesting þess svo og fjárnámsgjörðin 31. desember f. á. á að vera ómerk.

Málskostnaður fyrir hestarjetti fellur niður.

